

## **30. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 09. janúar 2008..**

**Mættir:** Arne, Aðalheiður, Guðbjörg, Guðný og Kristján.

### **Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fréttabréf
3. Þorrablót
4. Önnur mál

### **1. Fundargerð:**

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

### **2. Fréttabréf:**

Ákveðið hefur verið að senda út fréttabréf hverfisins í vikunni 14. – 18. janúar. Þar koma fram ýmis störf sem nefndin hefur unnið að ásamt kynningu á því hvað er á dagskrá á næstunni.

### **3. Þorrablót:**

Þorrablót Síðuhverfis verður að öllu óbreyttu haldið þann 16. febrúar næstkomandi.

Nefndarmenn lofa góðu blóti og vonast til að sjá sem flesta úr hverfinu. Dreifibréf verður sent inn á hvert heimili í hverfinu.

### **4. Önnur mál:**

Stefnt er að því að halda aðalfund hverfisnefndar Síðuhverfis í maí næstkomandi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.